

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Garðahrauns, Stígprýði 1-5 (1-7).

Breytingin varðar raðhúsalóðirnar 1, 3 og 5 við Stígprýði og gerir ráð fyrir að fjölgað verði um eitt hús í raðhúsalengjunni og þar með verði íbúðirnar minni. Tillagan gerir hvorki ráð fyrir stækkun byggingarreits né auknu byggingarmagni. Þrjú bílastæði verða á hverri lóð og fjölgar þeim því úr níu í tólf.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 19. nóvember 2010.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2010